Sjálfsmatsskýrsla 2025

FRAMVEGIS

Miðstöð símenntunar

Efnisyfirlit

Hlutverk, stefna og markmið 3
Gæðastarf og gæðakerfi 3
Gæðamarkmið 3
Framkvæmd innra mats 4
Kvartanir og ábendingar 4
Gæðaúttektir 4
Starfsemi ársins 2025 5
Innra mat Framvegis 2025 6
Mat á starfsumhverfi 6
Niðurstöður innra mats 7
Mat á námi 7
Mat á náms- og starfsráðgjöf 7
Mat á raunfærnimati 7
Aðstaða, öryggi og persónuvernd 8
Umbætur og umbótaáætlun 8
Umbætur á árinu 2025 8
Eftirfylgni umbótaáætlunar 2025 8
Umbótaáætlun 2026 8
Lokaorð 9

Framvegis – miðstöð símenntunar starfar samkvæmt lögum um framhaldsfræðslu nr. 27/2010, reglugerð um framhaldsfræðslu nr. 1163/2011, samningi við mennta- og barnamálaráðuneytið og samningi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins um framkvæmd vottaðra námsleiða, náms- og starfsráðgjafar og raunfærnimats. Málaflokkur framhaldsfræðslunnar fluttist formlega til mennta- og barnamálaráðuneytisins við breytingar á skipan ráðuneyta sem tóku gildi 15. mars 2025.

Sjálfsmatsskýrsla þessi er unnin í samræmi við 14. gr. laga um framhaldsfræðslu og gæðahandbók Framvegis. Í skýrslunni er gerð grein fyrir starfsemi Framvegis á árinu 2025, niðurstöðum innra mats á námi, náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimati og þeim umbótum sem unnið var að og fyrirhugaðar eru. Samkvæmt gæðahandbók er gæðamat starfseminnar tekið saman í sjálfsmatsskýrslu í lok árs, hún kynnt og yfirfarin á gæðamatsfundi í upphafi starfsárs og niðurstöður birtar á heimasíðu miðstöðvarinnar.

Hlutverk, stefna og markmið

Meginmarkmið Framvegis er að veita fólki á vinnumarkaði með stutta formlega skólagöngu, og fólki sem horfið hefur frá námi án þess að hafa útskrifast af þriðja þrepi hæfniramma um íslenska menntun, tækifæri til að afla sér menntunar og bæta stöðu sína á vinnumarkaði. Samkvæmt samþykktum Framvegis er tilgangur miðstöðvarinnar jafnframt að stuðla að framboði á námstækifærum fyrir fólk á vinnumarkaði og auka gæði fullorðins- og starfsmenntafræðslu.

Starfsemi Framvegis fylgir Stefnu Framvegis 3.0 frá árinu 2024 þar sem starfsemin er tengd við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Þrjú heimsmarkmið eru kjarnamarkmið miðstöðvarinnar og hefur verið sett fram aðgerðaáætlun og mælikvarðar sem unnið er eftir:

- Nr. 4 – Menntun fyrir alla
- Nr. 5 – Jafnrétti kynjanna
- Nr. 10 – Aukinn jöfnuður

Gildi Framvegis eru framsækni, fagmennska, árangur og virðing.

Gæðastarf og gæðakerfi

Framvegis starfar eftir viðmiðum European Quality Mark (EQM), sem er afurð Evrópuverkefnisins RECALL (Recognition of Quality in Lifelong Learning) og er sérstaklega hannað fyrir fræðsluaðila utan hins formlega skólakerfis. Miðstöðin fékk EQM-vottun á fræðslustarfsemi árið 2012 og árið 2018 bættist við vottun á náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimati (EQM+). Fræðslumiðstöð atvinnulífsins er vottunaraðili EQM og EQM+ á Íslandi. Gæðavottun Framvegis var staðfest til þriggja ára í kjölfar gæðaúttektar í nóvember 2024 og var í gildi allt árið 2025.

Gæðamarkmið

Gæðamarkmið Framvegis eru sett fram í útgáfustýrðu skjali (Gæðamarkmið Framvegis) og eru eftirfarandi:

Svið	Gæðamarkmið	Mæling
Nám	Að minnst 80% þátttakenda svari stöðluðum spurningum jákvætt (mjög sammála/sammála eða 5–4 á fimm punkta kvarða)	Lokamat í lok náms og leiðsagnarmat á námsleiðum
Náms- og starfsráðgjöf	Að minnst 80% notenda svari jákvætt og allir námsmenn á námsleiðum komi a.m.k. einu sinni í viðtal	Notendakönnun og spurningar í lokamati
Raunfærnimat	Að minnst 80% þátttakenda svari jákvætt í mati á ferlinu og allir sem ljúka skimunarviðtali með fullnægjandi árangri ljúki ferlinu	Mat þátttakenda á raunfærnimati

Tafla 1. Gæðamarkmið Framvegis

Framkvæmd innra mats

Innra mat samkvæmt EQM+ gæðaviðmiðum er í stöðugri vinnslu allt árið. Helstu þættir þess eru:

- Í lok hverrar annar eru teknar saman tölulegar upplýsingar um hvernig gekk að ná mælanlegum markmiðum náms, náms- og starfsráðgjafar og raunfærnimats.
- Námsmenn fylla út lokamat þar sem þeir meta nám og kennslu. Á námsleiðum er auk þess lagt fyrir leiðsagnarmat um miðbik náms, rafrænt eða í viðtölum hjá náms- og starfsráðgjafa.
- Leiðbeinendur og samstarfsaðilar fá niðurstöður sem að þeim snúa og gerir Framvegis tillögur að úrbótum ef þörf er á. Verkefnastjóri ber ábyrgð á úrbótum í samstarfi við leiðbeinendur.
- Niðurstöður eru kynntar á starfsmannafundum og gæðamatsfundum og eru leiðarljós við þróun og umbætur á námi og kennsluaðferðum.
- Mál sem ekki er hægt að leysa samkvæmt leiðbeiningum um meðferð ábendinga eru skráð í umbótaáætlun, þar sem fram kemur athugasemd, tilvísun í atvik, möguleg orsök, ákveðnar umbætur, ábyrgð og tímasetning.
- Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á að tímasettum aðgerðum til úrbóta sé framfylgt og er greint frá framgangi umbóta á fyrsta starfsmannafundi hvers árs.

Kvartanir og ábendingar

Framvegis tryggir að kvartanir og ábendingar séu meðhöndlaðar sem gagnlegt innlegg í starfsemina og nýttar til umbóta. Allir starfsmenn bera ábyrgð á að skrá mál sem berast í þar til gert skjal og er úrvinnsla skráð í sama skjal. Á reglulegum starfsmannafundum eru málin yfirfarin og sett í formlegan umbótafarveg ef þörf er á.

Gæðaúttektir

Gæðaúttektir eru annars vegar ytri úttektir óháðra aðila, svo sem gæðaúttekt Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins vegna EQM+ vottunar og endurskoðun ársreiknings, og hins vegar innri úttektir, svo sem rýni sjálfsmatsskýrslu á gæðamatsfundi og úttektir á húsnæði og öryggismálum. Ársreikningur 2025 var endurskoðaður af Endurskoðun & ráðgjöf ehf. og var áritun endurskoðanda dagsett 11. júní 2026.

Úttekt	Framkvæmdaraðili	Tímasetning	Niðurstaða
Ytri gæðaúttekt EQM+	Fræðslumiðstöð atvinnulífsins	Engin á árinu	Vottun frá nóvember 2024 í gildi til þriggja ára.
Gæðamatsfundur – rýni sjálfsmatsskýrslu 2024	Framkvæmdastjóri og starfsfólk	Vor 2025	Sjálfsmatsskýrsla 2024 var kynnt og yfirfarin. Niðurstöður lokamats stóðust gæðaviðmið og umbótaáætlun fyrir árið 2025 var staðfest.
Endurskoðun ársreiknings 2025	Endurskoðun & ráðgjöf ehf.	Haust 2026	Álit endurskoðanda að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu og efnahag félagsins.
Úttekt á húsnæði og öryggismálum	Húseigandi og Öryggismiðstöðin	Haust 2026	Engar alvarlegar athugasemdir voru gerðar.

Tafla 2. Gæðaúttektir 2025

Ábendingar og frávik sem fram koma í gæðaúttektum eru skráð í umbótaáætlun með tilgreindri ábyrgð og tímasetningu.

Starfsemi ársins 2025

Fræðslustarf Framvegis var umfangsmeira á árinu en nokkru sinni fyrr. Fjöldi þátttakenda náði sögulegu hámarki, 2.607, og nemendastundir voru 62.600. Námskeið og námsleiðir voru alls 181, samanborið við 165 árið á undan. Íslenskunám fyrir fólk af erlendum uppruna var eflt. Nemendastundum fjölgaði í öllum flokkum nema sjúkraliðanámskeiðum. Samstarf við Vinnumálastofnun, VIRK, Hringsjá, Starfsmennt, Fjölsmiðjuna og Fjölmennt var öflugt.

Í töflu 3 má sjá helstu lykiltölur starfseminnar samanborið við fyrra ár.

Mælikvarði	2024	2025
Námskeið og námsleiðir	165	181
Heildarfjöldi þátttakenda	2.193	2.607
Nemendastundir	47.173	62.600
Viðtöl í náms- og starfsráðgjöf	813	966
Þátttakendur sem luku raunfærnimati	56	68
Metnar einingar í raunfærnimati	652	1.085

Tafla 3. Lykiltölur starfseminnar 2024–2025

Starfsemi ársins einkenndist af fjölbreyttu framboði vottaðra námsleiða framhaldsfræðslunnar, raunfærnimati og náms- og starfsráðgjöf. Raunfærnimat á sjúkraliðabraut var aukið og alls voru haldin 42 námskeið í sí- og endurmenntun sjúkraliða. Íslenskukennsla var efld og fjölgaði þátttakendum í 111. Þá var met fjöldi námskeiða haldinn undir heitinu *Gott að vita* í samstarfi við Sameyki og unnið að nýrri námskrá, *Styrkleikastofu*.

Innra mat Framvegis 2025

Framvegis metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði starfseminnar í samræmi við 14. gr. laga um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 og gæðahandbók Framvegis. Matið byggir á EQM+ gæðaviðmiðum og nær til náms, náms- og starfsráðgjafar, raunfærnimats, gæðakerfis og starfsumhverfis.

Sjálfsmatsskýrsla er unnin árlega og rýnd á gæðamatsfundi og er umbótaáætlun byggð á niðurstöðunum. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á innra mati.

Í töflunum hér á eftir má sjá hvaða þættir starfseminnar voru metnir á árinu 2025, með hvaða aðferð og við hvaða viðmið er miðað.

Matsþáttur	Matsaðferð	Viðmið
Nám og kennsla		
Skipulag náms	Lokamat	80% jákvæð svör
Frammistaða leiðbeinenda	Lokamat	80% jákvæð svör
Aðstaða og þjónusta starfsfólks	Lokamat	80% jákvæð svör
Líðan og framvinda á námsleiðum	Leiðsagnarmat og viðtöl	Brugðist við eftir þörfum
Mæting og brotthvarf	Skráning mætingar	Minnst 80% mæting
Árangur m.v. hæfniviðmið	Útskriftarskjöl og INNA	Hæfniviðmiðum náð
Náms- og starfsráðgjöf		
Ánægja notenda	Notendakönnun og lokamat	80% jákvæð svör
Aðgengi að ráðgjöf	Skráning viðtala í INNU	Allir á námsleiðum í viðtal
Umfang ráðgjafar	Skráning samkvæmt Fræðslusjóði	Fylgst með þróun
Raunfærnimat		
Ánægja þátttakenda	Mat þátttakenda á ferlinu	80% jákvæð svör
Ljúka ferli	Skráning í INNU	Allir sem standast skimun
Metnar einingar	Skráning í INNU	Markmið hvers árs
Gæðakerfi og stjórnun		
Ábendingar og kvartanir	Ábendingaskrá	Úrvinnsla skráð
Sjálfsmat og umbótaáætlun	Gæðamatsfundur	Árleg rýni
Rekstur og fjármál	Endurskoðun ársreiknings	Áritun án fyrirvara

Tafla 4. Mat á námi, ráðgjöf, raunfærnimati og gæðakerfi

Mat á starfsumhverfi

Starfsumhverfi Framvegis er metið með könnun Sameykis, Stofnun ársins, sem lögð er fyrir starfsfólk árlega, og í starfsmannasamtölum. Í könnun Sameykis eru metnir níu þættir og ræðst vægi hvers þáttar í heildareinkunn af þáttagreiningu. Niðurstöður eru kynntar starfsfólki og nýttar í umbótaáætlun.

Matsþáttur	Matsaðferð
Könnun Sameykis – Stofnun ársins	
Stjórnun	Stofnun ársins
Starfsandi	Stofnun ársins
Jafnrétti	Stofnun ársins
Vinnuskilyrði	Stofnun ársins
Ánægja og stolt	Stofnun ársins
Ímynd stofnunar	Stofnun ársins

Matsþáttur	Matsaðferð
Launakjör	Stofnun ársins
Sjálfstæði í starfi	Stofnun ársins
Sveigjanleiki í vinnu	Stofnun ársins
Innra mat	
Líðan og starfsánægja	Starfsmannasamtöl
Starfsþróun og símenntun	Starfsmannasamtöl
Ábendingar starfsfólks	Starfsmannafundir

Tafla 5. Mat á starfsumhverfi

Niðurstöður innra mats

Hér eru teknar saman niðurstöður mælinga ársins 2025 á námi, náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimati og þær bornar saman við gæðamarkmið.

Mat á námi

Í lok námskeiða og námsleiða leggja verkefnastjórar fyrir lokamat þar sem námsmenn meta meðal annars inntak, framsetningu og gagnsemi náms, skipulag, frammistöðu leiðbeinenda og aðstöðu og þjónustu starfsfólks. Árið 2025 mátu 98% svarenda námið mjög gott eða gott. Gæðaviðmiðum var náð í öllum mælingum á mati á námi.

Mat á náms- og starfsráðgjöf

Í lokamati á námsleiðum er spurt hvort námsmenn hafi nýtt sér þjónustu náms- og starfsráðgjafa og hvort hún hafi gagnast þeim, auk þess sem notendakönnun er lögð fyrir. Hjá Framvegis starfaði í lok árs einn náms- og starfsráðgjafi. Einnig var lokið ráðningu ráðgjafa sem er að ljúka námi sínu og hóf hún störf í ársbyrjun 2026. Náms- og starfsráðgjöf er hluti af ferli raunfærnimats og sögðu 100% þátttakenda að vel eða mjög vel hefði verið staðið að náms- og starfsráðgjöf í ferlinu. Auk þess sögðust 95% þátttakenda myndu leita til náms- og starfsráðgjafa eða mæla með þjónustunni.

Mat á raunfærnimati

Að loknu raunfærnimati meta þátttakendur ferlið. Gæðamarkmið Framvegis náðust í öllum mælingum á raunfærnimatsferlinu. Mælt er á kvarðanum 0–10 þar sem 0 er mjög óánægð(ur) og 10 mjög ánægð(ur). Ánægja með ferlið í heild mældist 9,6, ánægja með niðurstöðu matsins 9,5 og ánægja með skipulag ferlisins 9,5.

Gæðakerfi og stjórnun

Mat á gæðakerfi og stjórnun fól í sér yfirferð ábendinga og kvartana, rýni sjálfsmats og umbótaáætlunar ásamt mati á rekstri og fjármálum. Sjálfsmatsskýrsla fyrra árs var tekin til umfjöllunar, umbótaáætlun staðfest og endurskoðun ársreiknings lauk án athugasemda. Niðurstöður matsins voru nýttar til að styðja við áframhaldandi þróun og umbætur á starfseminni.

Mat á starfsumhverfi

Mat á starfsumhverfi byggði á niðurstöðum könnunar Sameykis, *Stofnun ársins*, starfsmannasamtölum og ábendingum starfsfólks. Niðurstöðurnar voru kynntar starfsfólki og hafðar til hliðsjónar við skipulag starfseminnar og áframhaldandi umbótastarf.

Aðstaða, öryggi og persónuvernd

Framvegis býður upp á námsumhverfi fyrir bæði stað- og fjarnema sem hentar fullorðnum námsmönnum og uppfyllir reglur um aðbúnað og húsnæði. Í gildi er viðbragðs- og rýmingaráætlun þar sem fjallað er um flóttaleiðir og viðbrögð við eldsvoða, slysum og veikindum. Úttekt er gerð á húsnæði í samræmi við kröfur opinberra aðila (Ítalfa 2).

Í gildi er persónuverndarstefna í samræmi við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018.

Umbætur og umbótaáætlun

Umbætur á árinu 2025

- Íslenskunám var eflt og nær tvöfaldaðist fjöldi þátttakenda milli ára.
- Unnið var að þróun nýrrar námskrár, Styrkleikastofu.
- Nýir starfsmenn voru ráðnir í kjölfar starfsmannabreytinga.
- Stjórn og starfsfólk öfluðu sér þekkingar á nýtingu gervigreindar og stafrænnar tækni í námi.
- Haldin voru námskeið fyrir leiðbeinendur.

Eftirfylgni umbótaáætlunar 2025

Í töflunni hér að neðan er farið yfir stöðu þeirra umbótaverkefna sem sett voru fram í umbótaáætlun fyrir árið 2025 í sjálfsmatsskýrslu 2024.

Viðfangsefni	Fyrirhugaðar umbætur	Staða í árslok 2025
Styrkleikastofa	Þróa nýja námskrá	Í vinnslu
Íslenskunám	Sækja aftur um fjármagn og efla framboð	Lokið
Fjármögnun náms- og starfsráðgjafar	Sækja um viðbótarframlag	Að hluta
Fræðslugreiningar	Kynna ráðgjöf til vinnustaða	Ekki náð
Ábendingar úr gæðaúttekt 2024	Vinna úr ábendingum úttektaraðila og uppfæra verkferla gæðahandbókar eftir þörfum	Lokið

Tafla 6. Eftirfylgni umbótaáætlunar 2025

Umbótaáætlun 2026

Eftirfarandi umbótaáætlun fyrir árið 2026 byggir á innra mati og gæðaúttektum ársins 2025. Hún er sett upp í samræmi við gæðahandbók Framvegis þar sem fram kemur athugasemd, tilvísun í atvik eða heimild, ákveðnar umbætur, ábyrgð, tímasetning og staða. Framkvæmdastjóri ber

ábyrgð á að tímasettum aðgerðum sé framfylgt og verður áætlunin yfirfarin og staðfest á gæðamatsfundi.

Athugasemd	Tilvísun	Umbætur	Ábyrgð	Tímasetning	Staða
Húsnæði uppfyllir ekki lengur þarfir starfseminnar	Innra mat 2025	Finna hentugra húsnæði sem styður við vöxt og gæði	Framkvæmdastjóri og stjórn	2026	Í vinnslu
Breytingar á starfsmannahaldi	Innra mat 2025	Þjálfa nýtt starfsfólk og tryggja mönnun í náms- og starfsráðgjöf	Framkvæmdastjóri	2026	Opið
Eftirspurn eftir íslenskunámi umfram framboð	Innra mat 2025	Leita aukins fjármagns til íslenskukennslu	Framkvæmdastjóri	2026	Opið
Hröð þróun gervigreindar í námi	OEB-ráðstefnan 2025	Móta verklag um ábyrga nýtingu gervigreindar í námi og starfi	Framkvæmdastjóri	2026	Opið
Vantar gervigreindarstefnu	Innra mat 2025	Móta gervigreindarstefnu	Framkvæmdastjóri	2026	Í vinnslu

Tafla 7. Umbótaáætlun 2026

Lokaorð

Árið 2025 markaði áframhaldandi vöxt og þróun í starfsemi Framvegis. Umfang fræðslustarfsins var meira en nokkru sinni fyrr, íslenskunám var eflt, raunfærnimat stækkað og 98% svarenda mátu námið mjög gott eða gott. Talsverðar breytingar urðu á starfsmannahaldi og ljóst er að huga þarf að húsnæðismálum til að styðja við áframhaldandi vöxt. Framvegis mun áfram leggja áherslu á gæði, aðgengi og fagmennsku í þjónustu við fullorðið fólk.